



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UPPÁHALDS ARIUR



22. SEPTEMBER 2016

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Fyrri hluti: 48'

Seinni hluti: 45'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIN 22 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

UPPÁHALDS ARÍUR

Leo Hussain

hljómsveitarstjóri

Ingibjörg Guðjónsdóttir

einsöngvari

Lilja Guðmundsdóttir

einsöngvari

Agnes Thorsteins

einsöngvari

Elmar Gilbertsson

einsöngvari

Oddur Arnþór Jónsson

einsöngvari

EFNISSKRÁ

Wolfgang Amadeus Mozart

Così fan tutte, forleikur (1790)

Wolfgang Amadeus Mozart

Soave sia il vento, tríó úr Così fan tutte (1790)

Wolfgang Amadeus Mozart

Parto, parto, aría úr La clemenza di Tito (1791)

Hector Berlioz

Béatrice et Bénédict, forleikur (1863)

Jacques Offenbach

Barcarolle, dúett úr Ævintýrum Hoffmanns (1881)

Jules Massenet

Pourquoi me réveiller, aría úr Werther (1892-3)

Georges Bizet

Au fond du temple saint, dúett úr Perluköfurunum (1863)

Charles Gounod

Ah! Je veux vivre, arietta úr Rómeó og Júliu (1867)

HLÉ

Richard Wagner

Tannhäuser, forleikur (1845)

Richard Wagner

O du mein holder Abendstern, aría úr Tannhäuser (1845)

Giuseppe Verdi

La donna è mobile, aría úr Rigoletto (1851)

Giuseppe Verdi

Parigi o cara, dúett úr La Traviata (1853)

Giacomo Puccini

Un bel dì vedremo, aría úr Madama Butterfly (1904)

Giuseppe Verdi

Bella figlia dell'amore, kvartett úr Rigoletto (1851)



© Pia Clodi

Leo Hussain stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn í mars 2014 og var umsvifalaust boðið að snúa aftur á sviðið í Eldborg. Þá, líkt og nú, var tónlist Mozarts á efnisskránni.

LEO HUSSAIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Leo Hussain vakti alþjóðlega athygli þegar hann var skipaður tónlistarstjóri Landestheater í Salzburg, fæðingargarð Mozart, árið 2009. Einnig hlaut frumraun hans í Théâtre de la Monnaie í Brussel, þar sem hann stjórnaði nýrri uppfærslu La Fura dels Baus á *Le Grand Macabre* eftir Ligeti, fádæma góðar undirtektir. Í kjölfarið var Hussain boðið að starfa með leiðandi hljómsveitum og óperuhúsum á borð við Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar, Þýsku sinfóníuhljómsveitina í Berlín, BBC sinfóníuhljómsveitina, Mozarteum hljómsveitina í Salzburg, Ríkisóperuna í Berlín, Theatre an der Wien og Ensku þjóðaróperuna ásamt áframhaldandi samstarfi við La Monnaie. Í september 2014 tók Hussain við stöðu aðalstjórnanda óperunnar í Rúðuborg, Opéra de Rouen Haute-Normandie.

Nýverið þreytti Hussain frumraun sína við óperuna í Santa Fe í Nýju Mexíkó, þar sem hann stjórnaði *La traviata* og í Bayerische Staatsoper í München með *L'elisir d'amore*. Einnig sótti hann Theatre an der Wien nýverið heim þar sem hann stjórnaði *Béatrice et Bénédicte* og Ríkisóperuna í Berlín þar sem viðfangsefnið voru *Aida* og *Tosca*. Auk þess hefur Hussain stjórnað við Konunglega danska óperuhúsið, Konunglega óperuhúsið í Covent Garden og Glyndebourne óperuhátíðina.

Leo Hussain stundaði nám við háskólann í Cambridge og Konunglegu tónlistarakademíuna í London. Árið 2004 stýrði hann English Touring Opera og í framhaldi af því Glyndebourne on Tour ásamt Opera North sem leiddi til samstarfs við Salzburg Festival þar sem hann vann í samstarfi við Rattle, Gergiev, Muti og Nezet-Seguin.



INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran nam söng hjá Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Tónlistarskóla Garðabæjar. Aðeins níttján ára gömul sigraði hún Söngkeppni Sjóvarpsins og ávann sér þátttökurétt í hina frægu söngkeppni *Cardiff Singer of the World*. Ingibjörg stundaði framhaldsnám við Háskólann í Indiana í Bandaríkjunum, einnig hefur hún notið leiðsagnar rúmensku sópransöngkonunnar Ileana Cotrubas.

Meðal óperuhlutverka Ingibjargar má nena Mimi í óperunni *La Bobeme*, Skáldagyðjuna í *Skuggaleik* eftir Karólínu Eiríksdóttur og hlutverk Guðrúnar Gjúkadóttur í óperu Hauks Tómassonar, *Fjórði söngur Guðrúnar*. Flutningur samtímatónlistar hefur verið snar þáttur í störfum hennar, m.a. með tónlistarhópnum Caput.

Ingibjörg er söngkennari við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, stjórnandi og stofnandi Kvinnakórs Garðabæjar og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Þriðjudagsklassík í Garðabæ.



LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Lilja Guðmundsdóttir sópran stundaði söngnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, við Söngskóla Sigurðar Demetz og í Konservatorium Wien í Vínarborg. Þaðan lauk hún meistaraþrófi haustið 2015 með fyrstu einkunn. Hennar helstu kennarar voru Sigríður Aðalsteinsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Uta Schwabe.

Meðal hlutverka Lilju í Vínarborg voru Fiordiligi í *Così fan tutte*, Lauretta í *Gianni Schicchi* og Anne Trulove í *The Rake's Progress*. Þá má nefna hlutverk Næturdrottningarinnar í uppfærslu Oh!pera á *Töfraflautunni* sumarið 2014. Hér heima hefur Lilja sungið hlutverk Donnu Elviru úr *Don Giovanni*, Frasquito í *Carmen* og 2. Niece í *Peter Grimes* á Listahátíð vorið 2015. Þá hefur Lilja komið fram sem einsöngvari með hljómsveitinni Camerata Orphica og kemur fram með þeim á Paganini Gala

tónleikum í Sofíu í Búlgaríu í nóvember næstkomandi. Í október syngur hún hlutverk Madame Herz í *Schauspieldirektor* eftir Mozart í Reykjavík.



AGNES THORSTEINS

EINSÖNGVARI

Agnes Thorsteins mezzósópran hóf tónlistarnám við Tónlistarskóla Garðabæjar árið 2000, fyrst á píanó en síðar söngnám hjá Guðrúnu Jóhönnu Jónsdóttur árið 2003 og lauk framhaldsprófi í báðum fögum árið 2009 aðeins 18 ára gömul.

Hún hefur tekið þátt í meistaranámskeiðum hjá Kiri Te Kanawa, Dunja Vejzovic, Anne Sofie von Otter og Gunnari Guðbjörnssyni. Vorið 2010 hóf Agnes nám við Tónlistarháskólann í Vín hjá Anton Scharinger og frá haustönn 2013 hjá Regine Köbler. Tók hún lokaprófið í mars 2016 og lauk bakkalágráðu með láði. Nú syngur hún við Óperuhúsið Theater Krefeld und Mönchengladbach auk þess að stunda mastersnám við óperudeild Tónlistarháskólans í Vín.

Hlutverk sem Agnes hefur sungið eru meðal annars Sesto úr *La clemenza di Tito* eftir Mozart sem og Marcellina og Cherubino úr *Brúðkaupi Figarós* og titilhlutverkið í *Carmen* eftir Bizet.



ELMAR GILBERTSSON

EINSÖNGVARI

Elmar Gilbertsson tenór útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz vorið 2007. Eftir það lagði hann stund á mastersnám í óperusöng við Tónlistarháskólann í Amsterdam og Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Kennarar hans þar voru Jón Þorsteinsson og Peter Nilson. Elmar hefur starfað við Óperustúdíó Hollensku óperunnar og við óperuna í Maastricht í Hollandi, jafnhliða störfum víðsvegar um Evrópu.

Elmar hefur túlkað allnokkrar af persónum óperubókmenntanna, m.a. Tamino í *Töfraflautunni*, Don Ottavio í *Don*

Giovanni, Ferrando í *Così fan tutte*, Alfred í *Leðurblökunni*, hlutverk Mímis í *Rínargulli* Wagners á hinna virtu Ruhrtriennale listahátíð í Þýskalandi og hlutverk Hertogans af Mantua í *Rigoletto* eftir Verdi.

Elmar hefur tvívegis hlotið Grímuverðlaunin í flokknum söngvari ársins, hann hefur einnig hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Stutt er síðan Elmar söng síðast með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsalnum, það var á tónleikunum 2. september sl., í Óðinum til gleðinnar, úr 9. sínfóníu Beethovens.



ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON

EINSÖNGVARI

Oddur Arnþór Jónsson barítón stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Alex Ashworth. Eftir burtfararpróf frá Söngskólanum stundaði Oddur meistaranám í óperudeild og ljóða- og óratóríudeild Mozarteum-háskólans í Salzburg, hjá Mörthu Sharp og Andreas Macco. Við útskrift hlaut hann Lilli Lehmann viðurkenninguna fyrir framúrskarandi árangur.

Helstu verkefni Odds á óperusviðinu á Íslandi hafa verið *Don Giovanni* í samnefndri óperu Mozars, Fígaró í *Rakaranum frá Sevilla* eftir Rossini, Rodrigo í *Don Carlo* eftir Verdi og Ned Keene í *Peter Grimes* eftir Britten. Í Evrópu hefur hann nýlega sungið Jeletskij í *Spáðadrottningunni* eftir Tsjajkovskij. Af öðrum hlutverkum má nefna greifann í *Brúðkaupi Fígarós* eftir Mozart, Guglielmo í *Così fan tutte*, einnig eftir Mozart, Belcore í *Ástardrykknum* eftir Verdi og Orest í *Iphigenie auf Tauris* eftir Gluck. Á næstunni tekst Oddur á við hlutverk Wolfram von Eschenbach í *Tannhäuser* eftir Wagner við Óperuhúsið í Chemnitz.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

COSÌ FAN TUTTE, FORLEIKUR SOAVE SIA IL VENTO, TRÍÓ ÚR COSÌ FAN TUTTE PARTO, PARTO, ARÍA ÚR LA CLEMENZA DI TITO

Così fan tutte, o la scuola degli amanti – Svona gera þær allar, eða leiðarvísir fyrir elskendur, er ein af þremur óperum sem Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) samdi við texta Ítalans Lorenzo da Ponte, hinar eru *Don Giovanni* og *Brúðkaup Figarós*. Mozart er talinn eitt mesta óperutónskáld sögunnar, næmi hans í miðlun tilfinninga ólíkra persóna í tónum er einstök og hann hefur fullkomið vald á hinum ólíku óperuformum.

Così fan tutte er ítölsk gamanópera, opera buffa, en gamanið er óneitanlega grátt og boðskapurinn sá að konum sé hreint ekki að treysta í ástamálum. Þessu heldur öldungur nokkur fram við tvo unga menn og veðjar við þá í þokkabót, um að unnustur þeirra muni svíkja þá um leið og þeir hverfi af vettvangi. Ungu mennirnir samþykkja að gera tilraun: þeir segja unnustum sínum að þeir hafi verið kvaddir í herinn. Þær óska þeim alls hins besta, eins og heyra má í undurblíðu tríói, *Soave sia il vento*, þar sem stúlkurnar biðja þess að vindarnir blási mjúklega, að sjórin sé kyrr, að öll náttúruöflin sjái til þess að piltarnir þeirra komist heilu og höldnu á áfangastað. Mozart lætur tónlistina endurspegla þessa ósk, strengirnir gjálfra mjúklega undir friðsælum söngnum. Ungu mennirnir snúa síðan aftur í dulargervi og freista þess að fá stúlkurnar til að falla fyrir sér, en hafa á þeim skipti, hvor tælir unnustu hins til fylgilags við sig. Og það tekst að lokum – sem sannar vissulega kenningu öldungsins sem fyrr var nefndur, en einbeittur brotavilji piltanna hlýtur líka að vekja upp spurningar um hvernig ást þeirra sjálfra og trausti sé háttáð.

Allt annar tónn er svo í óperunni *La clemenza di Tito* – *Mildi Títusar*, sem samin er árið 1791, síðasta árið sem Mozart lifði, sama ár og hann samdi *Töfraflautuna*. Þetta er alvöruþrungin ítölsk ópera, opera seria, þar sem Rómärkeisarin Titus Vespasíanus sýnir mildi og þyrmir lífi þeirra sem brugga honum launráð. Óperan var samin í tilefni krýningar Leópolds II, konungs af Bæheimi. Arían *Parto, parto* er sungin af Sextusi, vini Títusar, sem, blindaður af ást til Vitellíu, tekur áskorun hennar um að myrða keisarann. Stórt hlutverk klarinetsins í þessari aríu minnir á sérstakt dálæti Mozarts á hljóðfærinu, sem heyra má í mörgum verka hans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperan *Così fan tutte* var flutt í fyrsta sinn á Íslandi í nóvember 1957, þegar óperuflokkur Hessneska Ríkisleikhússins í Wiesbaden sótti Ísland heim og sýndi verkið fjórum sinnum í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Arthurs Apelt. Sinfóníu-hljómsveit Íslands lék með og Þjóðleikhúskórinn söng. Í dagblöðunum birtist þessi tilkynning, þann 5. nóvember: „Aðgöngumiðasala að óperunni „Così fan tutte“ hefst í dag kl. 13.15. Að gefnu tilefni verða skammtaðir fjórir miðar handa hverjum manni.“



HECTOR BERLIOZ

BÉATRICE ET BÉNÉDICT, FORLEIKUR

Franska rómantíkin tekur nú við af klassíkinni, með tónlist Hectors Berlioz (1803-1869). Hann er þekktastur fyrir stór sinfónísk verk sín, þar sem ólgandi tilfinningum er miðlað með fjölskipaðri hljómsveit og ótal litbrigðum sem má ná fram með henni. Óperuna *Béatrice et Bénédicte* samdi Berlioz meðan hann vann að stórvirki sínu *Les Troyens*, hún er smærri í sniðum og gætir áhrifa alþýðu- og þjóðlagatónlistar. Óperan byggir á leikriti Shakespeares, *Ys og þys útafengu*. Í forgrunni eru Béatrice og Bénédicte, sem unnast hugástum en breiða yfir það með stríðni og móðgunum hvort í annars garð, sem endurspeglast í kenjóttri tónlistinni.



JACQUES OFFENBACH

BARCAROLLE, DÚETT ÚR ÆVINTÝRUM HOFFMANS

Efniviður óperunnar *Ævintýri Hoffmanns* eftir Jacques Offenbach (1819-1880) er sóttur í sögu Þjóðverjans E.T.A. Hoffmann þar er Hoffmann sjálfur aðalpersónan sem fer um eigin söguslóðir. Leið hans liggur til Feneýja, þar sem hann verður heillaður af Giuliettu nokkurri á „fagurri nótt, ástarnótt“. Það eru upphafsorð dúettsins Barcarolle, eða bátssöngsins, þar sem hrynjandinn líkir eftir taktföstu áralagi gondólaræðaranna í Feneýjum. Auðvelt er að lifa sig inn í stemninguna í þessu þekktu lagi, því hver vildi ekki sigla ástfanginn í gondól um síki Feneýjar um nótt? Flautu- og hörputónar gefa hugmynd um hvernig stjörnur og tungl speglast á vatnsfletinum.



JULES MASSENET

POURQUOI ME RÉVEILLER, ARÍA ÚR WERTHER

Rómantikinn er allsráðandi í óperunni *Werther*, eftir franska tónskáldið Jules Massenet (1842-1912). Hún byggir á bókinni *Raunir Werthers unga* eftir Goethe, sem kom út í Þýskalandi rúmum hundruð árum fyrr og orkaði sterkt á lesendur. Varla þarf að taka fram að raunirnar tengjast óendurgoldinni ást. Hinn ungi Werther er ástfanginn af Charlotte, sem er trúlofuð Alberti og giftist honum síðar. Werther fær ekki á heilum sér tekið. Charlotte reynir að dreifa huga hans og biður hann að lesa fyrir sig úr kvæðum hins skoska Ossians, en ekki vill betur til en svo að í kvæðinu sem hún velur finnur Werther enduróm af eigin óhamingju. „Til hvers að vekja mig, vorvindur? Ég finn þig strjúka enni mitt, en brátt skellur á stormur og sorg.“



GEORGES BIZET

AU FOND DU TEMPLE SAINT, DÚETT ÚR PERLUKÖFURUNUM

Tólf árum áður en franska tónskáldið Georges Bizet (1838-1875) samdi sína þekktustu óperu, *Carmen*, vann hann að smíði annarrar óperu sem gerðist til forna á eyjunni Ceylon, sem nú er Sri Lanka. Tveir perlukafarar, Zurga og Nadir mætast á ströndinni, reynast þeir vera gamlir vinir, en skugga bar á vináttu þeirra um tíma, þegar báðir felldu hug til hofgyðjunnar Leilu. Þeir hefja upp raust sína og syngja fagran óð til vináttunnar sín í millum og heita því að engin ást til konu muni geta spillt henni. Eins og svo oft þegar um er að ræða viðkvæmar tilfinningar í franskri óperutónlist eru harpan og flautan í stóru hlutverki.



CHARLES GOUNOD

AH! JE VEUX VIVRE, ARIETTA ÚR RÓMEÓ OG JÚLÍU

Uppáhalds aríurnar sem hljóma á þessum tónleikum snúast flestar á einn eða annan hátt um ástina, drauminn um ástina, er ástin yfirleitt möguleg? Franska tónskáldið Charles

Gounod (1818-1893) vann með efnivið einnar frægustu ástarsögu allra tíma, *Rómeó og Júlíu* eftir Shakespeare í samnefndri óperu sinni. Allir vita hvernig fór um þá ást, en áður en kom að endalokunum var sannarlega hægt að njóta þess að vera til – þó ekki væri nema í draumi. „Ég vil lifa í þessum draumi, þar sem er eilíft vor“, syngur Júlía í ariettu sinni, í fjörlegum valstakti.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperan *Tannhäuser* hefur aldrei verið sett á svið á Íslandi, en tónlistin úr henni hefur oft hljómað á tónleikum hér, t.a.m. hljómaði forleikurinn á fyrstu tónleikunum sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt í Vestmannaeyjum, 5. júlí 1956, í samkomuhúsi bæjarins.

RICHARD WAGNER


TANNHÄUSER, FORLEIKUR O DU MEIN HOLDER ABENDSTERN, ARÍA ÚR TANNHÄUSER

Þeir eru tignarlegir, upphafstónar forleiksins að óperunni *Tannhäuser* eftir þýska tónskáldið Richard Wagner (1813-1883), en minna líka á hornaflokka veiðimanna á ferð í skóginum. Sömu upphöfnu tónar hljóma svo síðar í óperunni, sungnir af pílágrímum á leið til Rómar. Óperan heitir fullu nafni *Tannhäuser og Söngvarastríðið í Wartburg*. Þar teflir Wagner saman í tónlist og texta (sem hann samdi sjálfur) tveimur þýskum sögnum frá 13. öld, annarsvegar um riddarann og ástarsöngvarann *Tannhäuser* sem heillaði konur með söng sínum og hins vegar um söngvarakeppni í Wartburgkastala í Thüringen í Þýskalandi. Ástir þessa heims og annars eru til umfjöllunar og sögusviðið ævintýralegt. Tónlistin flæðir áfram án mikilla skila milli aríu, hljómsveitarparts, tónless og kórkafla, en það var ein af formbyltingum Wagners innan óperunnar. Þó eru einstaka aríur sem standa sjálfstætt, svo sem óðurinn til kvöldstjörnnunnar, *O du mein holder Abendstern*. Þar syngur Wolfram um myrkið sem færast yfir dalinn, líkt og fyrirboði um dauða, en þá, einmitt þá kviknar á kvöldstjörnunni dýrlegu og allt fær annan svip.

GIUSEPPE VERDI

LA DONNA È MOBILE, ARÍA ÚR RIGOLETTO PARIGI O CARA, DÚETT ÚR LA TRAVIATA BELLA FIGLIA DELL'AMORE, KVARTETT ÚR RIGOLETTO

Ítalska tónskáldið Giuseppe Verdi (1813-1901) var fæddur sama ár og Wagner. Tónlist þeirra er ólík, en þó má heyrna hvernig skil milli ákveðinna forma sem áður voru föst í



óperum þurkkuðust út hjá Verdi, líkt og hjá Wagner, flæði tónlistarinnar innan verksins jókst. Verdi var einn afkastamesti óperutónsmiður sem um getur og margar óperur hans eru reglulega á fjöllum óperuhúsa heimsins. Óperurnar *Rigoletto* og *La traviata* eru þeirra á meðal, báðar samdar upp úr miðri 19. öld, á tímum er tónskáldið samdi margar stórfenglegar aríur fyrir óperusöngvara. *Rigoletto* er sorgmædda hirðfífl hertogans af Mantova, en sá syngur um hverflyndi konunnar, *La donna è mobile* (athyglisvert að enn er alhæft um konur, líkt og í fyrstu óperutónlistinni á efnisskránni). Þá tekur við dúetti úr *La traviata*, þar sem elskendurnir ógæfusömu vonast eftir heill og hamingju í skugga berkla og dómhörku samfélagsins. Tónleikunum lýkur svo á mögnuðum kvartetti úr *Rigoletto*, þar sem hver persóna túlkar ólíkar tilfinningar með sínum hætti, en í tónlist Verdis gengur allt upp.



GIACOMO PUCCINI

UN BEL DI VEDREMO, ARÍA ÚR MADAMA BUTTERFLY

Ekki er hægt að halda tónleika með yfirskriftinni Uppáhalds aríur, án þess að þar hljómi ítölsk óperutónlist. Giacomo Puccini (1858-1924) var einn þeirra tónsmiða sem um aldamótin 1900 samdi óperur í anda „verismo“, eða sannleiksstílsins, en óperur hans eru meðal þeirra sem oftast eru fluttar enn í dag. Í þeim eru áhrifamiklar örlagasögur raktar, ekki einungis aðalsfólks heldur fólks af öllum stigum. Fínlegur flúrsöngur átti ekki lengur upp á pallborðið, heldur sterk og tjáningarrík raddbeiting. Í óperunni *Madama Butterfly* segir frá svikum bandaríksk sjóliðsforingja við unga japanska stúlku sem hann hefur gengið að eiga og síðan yfirgefið. Hún trúir því stöðugt að hann komi. „Einn fagran dag sjáum við skip hans koma að landi... og hann kemur og ávarpar mig: Appelsínublómið mitt...“

Sigríður St. Stephensen



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



©DISNEY

BÍÓTÓNLEIKAR

FANTASÍA DISNEYYS

06 - 07 - 08 OKT

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

22. SEPTEMBER 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Mark Reedman
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Laufey Jensdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Kristján Matthíasson
Pascal La Rosa
Christian Diethard
Gunnhildur Daðadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Ásdís Runólfssdóttir
Sarah Buckley
Móeiður Sigurðardóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Össur Ingi Jónsson

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Sturlaugur Jón Björnsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

SUN 25 SEP 17:00



UNGSVEITIN LEIKUR TSJAJKOVSKÍJ

Eitt mikilvægasta hlutverk sinfóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða hljóðfæraleikara. Frá árinu 2009 hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman árlega undir merkjum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri. Eivind Aadland stjórnar hljómsveitinni öðru sinni, nú í einu glæsilegasta hljómsveitarverki Tsajkovskíjs, hinn magnþrungnu fimmtu sinfóníu.

FIM 29 SEP 19:30



© Leslie Kee

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR

Norrænir músíkdagar hefjast með glæsilegum hljómsveitar-
tónleikum þar sem fjögur nýleg úrvalsverk hljóma. Fiðlu-
konsert Esa-Pekka Salonen sem er talinn til „einna áhrifaríkustu
tónsmíða seinni ára“, Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur,
staðartónskáld Fílharmóníuhljómsveitarinnar í New York, smá-
konsert fyrir rafgítar eftir Carl Nielsen-verðlaunahafann Juliönu
Hodkinson og verk Benjamins Staern sem byggir á hugmyndum
búddista um frumefnin fimm. Einleikarar eru Akiko Suwanai
og Aart Strootman en hljómsveitarstjóri Daniel Raiskin.

FIM 06 SEP 19:30 FIM 07 19:30 FIM 08 17:00



FANTASÍA DISNEYS

Fáar teiknimyndir hafa vakið jafn almenna aðdáun og
Fantasía Disney's. Myndin markaði tímamót þegar hún
kom fyrst út árið 1940 þar sem sígildri tónlist og teikni-
myndum var blandað saman á eftirminnilegan hátt. Nú gefst
aðdáendum klassískra teiknimynda tækifæri til að koma
á glæsilega bíótónleika í hæsta gæðaflokki með Sinfóníu-
hljómsveit Íslands þar sem tónlist við upprunagerð Fantasíu
og Fantasíu 2000 er leikin. Hljómsveitarstjóri kvikmynda-
tónleikanna er bandaríski Broadway-jöfurinn Ted Sperling.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is